

Ed.

630. Breytingartillögur

[270. mál]

við frv. til laga um aðstoð við þroskahefta.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 3. gr. Á eftir 1. málslíð 3. mgr. bætist:
Auk þess skal Öryrkjabandalag Íslands tilnefna einn fulltrúa í nefndina og Landssamtökin Þroskahjálpi einn fulltrúa.
2. Við 10. gr. Aftan við greinina komi ný málsgrein:
Heimilt er að fela starfandi stofnunum verkefni greiningarstöðvar ríkisins uns hún tekur til starfa.
3. Við 12. gr. Við fyrri mgr. bætist: 11. Vistheimili.
4. Við 13. gr. Fyrri málsg. orðist svo:
Umsóknir um þjónustu og vistun á stofnunum, sbr. 12. gr., skulu sendar viðkomandi svæðisstjórn. Svæðisstjórn heimilar vistun að höfðu samráði við forstöðumann, enda sé áður leitað umsagnar greiningarstöðvar ríkisins og hún mælt með vistun.
5. Við 17. gr. 1. mgr. orðist svo:
Ríkið skal sjá um að komið verði á fót þeim stofnunum, sem taldar eru upp í 12. gr., tölulíð 2—9. Kostnaður greiðist úr Framkvæmdasjóði, sbr. 6. kafla. Sveitarfélög sjá um að koma upp deildum samkv. 1. tölul. 12. gr. og fer um þann kostnað í samræmi við lög nr. 112/1976.
6. Á eftir 23. gr. komi nýr kafli sem verður 6. kafli og orðast svo:

Framkvæmdasjóður.

24. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra og er hann í vörslu félagsmálaráðuneytisins.

Hlutverk sjóðsins er að fjármagna þær framkvæmdir, sem taldar eru í 1. mgr. 17. gr., og aðrar framkvæmdir ríkisins vegna sérkennslu og endurhæfingar, einnig endur-

hæfingarstöðvar og dvalarheimili, sem ekki er fyrirsjáanlegt að fé verði veitt til úr þeim lána- og styrktarsjóðum, er um getur í lögum nr. 27/1970, eða á annan hátt, sbr. enn fremur 2. mgr. 26. gr.

25. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Ríkissjóður skal árlega leggja sjóðnum til a. m. k. 1 000 milljónir króna. Skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við verðlagsvísitöu miðað við árið 1979 að grunni.
- b) Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
- c) Vaxtatekjur.

26. gr.

Stjórnarnefnd, sbr. 3. mgr. 3. gr., annast stjórn sjóðsins. Hlutverk hennar er að ráðstafa fé sjóðsins í samræmi við ákvæði 24. gr., að fengnum tillögum ráðuneyta félagsmála og menntamála. Leita skal staðfestingar viðkomandi ráðherra, sbr. 52. gr. laga nr. 63/1974 og 5. gr. laga nr. 27/1970.

Heimilt skal þó að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til annarra sam- eiginlegra verkefna varðandi sérkennslu og endurhæfingu, sem ríki eða sveitarfélagi ber sannanlega ekki að greiða.

Við úthlutun úr sjóðnum skal taka sérstakt tillit til fjölda einstaklinga, sem úr- lausnar þarfnast á hverju sviði og í hverju byggðarlagi. Varast ber að ráðast í óhæfi- lega mörg verkefni samtímis.

27. gr.

Formaður stjórnarnefndar annast daglegan rekstur sjóðsins í skrifstofu félags- málaráðuneytisins, nema ráðherra ákveði aðra tilhögun.

28. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur stjórnarnefndinni í té árlega endurskoðaða áætlun um þörf stofnana vegna kennslu þroskaheftra, sbr. 52. gr. laga nr. 63/1974, og gerir tillögur um fjármögnun hennar. Ráðuneytið veitir sjóðsstjórn allar upplýsingar um kennslu þroskaheftra, þar á meðal um sérkennsluþörf í hverju byggðarlagi og í landinu öllu.

29. gr.

Félagsmálaráðuneytið í samráði við endurhæfingarráð lætur stjórnarnefnd í té áætlun og upplýsingar varðandi endurhæfingu. Þessir aðilar skulu gera reglulega könnun á þörfinni fyrir endurhæfingar- og vinnustöðvar með tilliti til hvers byggðar- lags og landsins alls. Könnunin skal einnig ná til dvalarheimila.

Lána- og styrktarsjóðum þeim, sem um getur í endurhæfingarlögum, er skylt að veita stjórnarnefnd reglulega yfirlit yfir það fé, sem er til ráðstöfunar og fyrirhugað er að verja til framkvæmda.